

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, Egilsstaðaflugvöllur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. apríl 2017 breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sem samþykkt var í bæjarstjórn 1. mars 2017.

Í breytingunni felst að athafna- og þjónustusvæði við Egilsstaðaflugvöll (A6/T8) stækkar úr 14,7 ha í 23,1 ha. Landbúnaðarsvæði minnkar sem nemur stækkuninni og einnig falla niður brunnsvæði og grannsvæði vatnsverndar (G1 og G2) ásamt stofnæðum vatnsveitu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. apríl 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2017